



Annáll haustannar 2020

Tölulegar upplýsingar

Kennsla á haustönn 2020 hófst miðvikudaginn 19. ágúst. Kennslu- og námsmatsdögum lauk þriðjudaginn 15. desember. Heildarfjöldi nemenda við skólann á haustönn 2020 var 541. Þar af var 433 nemendur í dagskóla og 108 nemendur í kvöld- og helgarnámi. Í heildina var kynjaskipting þannig að 59,7% nemenda voru karlar og 40,3% konur. Í dagskólanum var kynjahlutfallið 58% karlar og 42% konur, í dreifnámi var kynjahlutfallið 65% karlar og 35% konur. Í dagskólanum voru flestir á opinni stúdentsbraut eða 123 nemendur. 62 nemendur voru á náttúrufræðibraut og 54 á félagsfræðibraut. 31 nemendur voru á sjúkraliðabraut í dreifnámi. Á iðnnámsbrautum voru 73 nemendur í rafvirkjun í dagskóla, í húsasmíði voru 30 nemendur í dagskóla og 58 í dreifnámi, í vélvirkjun voru 36 nemendur í dagskóla og 18 í dreifnámi.

Kennsla í Kófinu

Nýnemar mættu í hús 18. ágúst í fjórum hópum, hittu starfsfólk og umsjónarkennara og fengu sýnisferð um skólann. Byggingar skólans sem höfðu verið meira og minna tómar og harðlokaðar frá 13. mars iðuðu loksins af lífi og fjöri sem tekið var fagnandi.

Fyrsti kennsludagur haustannar 2020 var 19. ágúst og hittust þá nemendur og kennarar augliti til auglitis samkvæmt sérstöku covid-skipulagi með metra á milli sín og langan lista af nýstárlegum umgengnisreglum. Hægri umferð á göngum, skólanum var skipt upp í merkt sóttvarnarhólf sem ekki mátti fara á milli nema að undangengnum handþvotti og sprittun, ekki mátti safnast saman á göngum og í kennslustofum var borðum og stólum raðað upp miðað við eins metra bils á milli fólks. Nemendur í verknámi fengu fulla kennslu á staðnum. Í bóknáminu voru tvöfaldir tímar kenndir á staðnum en einfaldir tímar kenndir í fjarnámi, svo hægt væri að koma öllum hópum fyrir. Þann 7. september var fjöldatakmörkunum breytt úr 100 manna hámarki í 200 manns og þar með var hægt að bjóða upp á staðkennslu að mestu leyti. Það eru vissulega forréttindi okkar í FVA að hafa nægt pláss og geta skipulagt skólastarfið þannig að sem flestir geti verið á staðnum – þegar sóttvarnarreglur leyfa.

En Adam og Eva voru ekki lengi í Paradís. Þann 18. september greindist smit í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum þar sem starfsfólk og nemendur FVA áttu leið um eins og fleiri. Þurftu 22 nemendur og starfsmenn FVA að fara í sóttkví og í kjölfarið var ákveðið að breyta kennslufyrirkomulagi snarlega og allt bóknám sett í fjarnámsumhverfi, en verknámi og starfsbraut haldið áfram í staðnámi. Engin smit greindust þó í okkar hópi. Grímuskylda var tekin upp og hefur hún haldist óslitið síðan þá. Fjarnám hefur verið veruleiki bóknámsnema að mestu leyti frá því í október þótt einstaka hópar hafi fengið að mæta í hús og hitta kennara og sinna ákveðnum verkefnum. Verknámsnemar og

starfsbraut hafa að mestu fengið staðnám. Þann 23. október greindist smit á heimavist FVA og voru allir nemendur og starfsmenn vistarinnar strax sendir í sóttkví. Sem betur fór urðu ekki fleiri smit vegna þessa og heimavistin hefur verið opin fyrir íbúa í verknámi mestalla önnina.

Að vanda lauk önninni með námsmatsdögum sem að mestu voru með rafrænum hætti. Nemendur í verknámi mættu á staðinn og kláruðu sín verkefni en nemendur í bóknámi þreyttu flest sín lokapróf að heiman í kennslukerfi Innu.

Miðlun upplýsinga

Þar sem nemendur og kennarar hafa sinnt námi og kennslu að heiman meiri hluta þessarar annar hefur rík áhersla verið lögð á að koma traustum upplýsingum á framfæri með skilmerkilegum hætti. Fréttum hefur verið miðlað á vef skólans, fva.is og deilt á Instagram og Facebook. Skrúddan, fréttabréf FVA kemur út vikulega og er birt á vef skólans, sent áskrifendum og sent í tölvupósti til nemenda.

Framkvæmdir

Framkvæmdum á efri hæð B álmu skólans sem stóðu yfir í vor og langt fram á sumar lauk á önninni. Allt var rifið innan úr þremur kennslustofum og þær endurnýjað hátt og lágt. Framundan eru sambærilegar viðgerðir á neðri hæð. Á heimavist skólans voru níu baðherbergi endurnýjuð, öll herbergin voru máluð og keyptir sófar og borð. Þá voru innréttingar endurnýjaðar í þvottahúsi. Þak var endurnýjað og gert við sprungna vegg á húsnæði málmiðngreina og er því verki nánast lokið. Þessu fylgdu vissulega ryk og hávaði með tilheyrandi óþægindum fyrir nemendur og kennara.

NFFA

Félagslíf nemenda hefur liðið mikið fyrir sóttvarnaraðgerðir vegna covid-19. Í september hóf Leiklistarklúbburinn Melló að nýju samlestur og æfingar á meistarastykkinu Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner, en upphaflega átti að frumsýna verkið í mars. Leikhópurinn var vongóður um að ná loks að frumsýna verkið á sviði Bíóhallarinnar en því miður náðist það ekki og í byrjun október þurfti leikhópurinn að taka þá erfiðu ákvörðun að aflýsa öllum sýningum. Sýningin var þó tekin upp og send þeim sem keypt höfðu miða. Einnig var blásið til bílabíós á Vökudögum þar sem Dýrin í Hálsaskógi fengu að njóta sín eins og hægt var á stórum skjá. Söngkeppni framhaldsskólanna sem frestað var í vor var haldin 24. september og sýnd í beinni útsendingu á RUV. Fulltrúi skólans í ár var Björgvin Þór Þórarinsson. NFFA stóð líka fyrir Frisbí-golfi í skógræktinni í september sem var ágætlega sótt og blés til Kahoot-keppni og próflokaskemmtun í streymi.

Aðalstjórn NFFA á haustönn 2020 var skipuð eftirtöldum nemendum: Gylfi Karlsson var forseti og með honum í stjórn voru þau Ísak Örn Elvarsson, ritari og varaforseti, Karl Ívar Alfreðsson gjaldkeri, Katrín María Óskarsdóttir markaðsstjóri, Gunnar Davíð Einarsson skemmtanastjóri og Kimberly Tómasdóttir fulltrúi nýnema. Eftirtaldir nemendur voru í forsvari fyrir klúbba NFFA: Sigríður Sól Þórarinsdóttir og Sólbjört Lilja Hákonardóttir fyrir leiklistarklúbbinn Melló, Guðrún Karitas Guðmundsdóttir fyrir GEY (Góðgerðarfélagið Eyni), Ísak Örn Elvarsson fyrir Íþróttaklúbb, Kristján Steinn Matthíasson fyrir Tónlistarklúbb og Karl Ívar Alfreðsson fyrir Viskuklúbb.

KOSS

Starfsfólk FVA gekk á þyrl í september og starfsmannafélagið KOSS stóð fyrir Pubquiz spurningakeppni á Teams. Á námsmatsdögum í desember hittust starfsmenn daglega á rafrænni kaffistofu í hádeginu. Mæting var mjög góð og dregið var um vinninga í jólahappdrætti sem mæltist vel fyrir.

Starfsumhverfiskönnun Gallup

Starfsumhverfiskönnun ríkisins og Sameykis var lögð fyrir starfsfólk í vor og voru útkoman kynnt í haust. Niðurstaða FVA sýndi 3,98 stig í heildarmati sem er mun betri niðurstaða en 2019 þegar stigin voru 3,47. Svarhlutfall hjá okkur óx úr 39% í 60% milli ára og sem fyrr voru þessir þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Það er skemmst frá því að segja að allir þættir könnunarinnar hækkuðu milli ára en mesta hækkun fá stjórnun (hækkun um 1,12 stig), ánægja og stolt (0,63 stig) og launakjör (0,64 stig). FVA er nú í 35. sæti á lista ríkis- og sjálfseignarstofnana með 50 starfsmenn eða fleiri (8843 svarendur) en var í næstneðsta sæti árið áður (80. sæti). Við vinnum að því fram að næstu könnun vorið 2021 að gera enn betur á öllum sviðum.

Heilsuleikar FVA

Heilsueflingarteymi FVA skipulagði fjölbreytta dagskrá sem standa átti fyrir í Heilsuviku í október. Vegna sóttvarnaraðgerða varð að fella dagskrána niður. Þess í stað var blásið til Heilsuleika sem stóðu yfir dagana 9.-23. október. Nemendur og starfsfólk FVA tóku þátt með því að sinna heilsunni í útivist, hreyfingu eða með hollu mataræði þótt allir ættu að halda sig heima og deila myndum á Instagram. Dregið var úr innsendum myndum 23. október og voru vegleg verðlaun í boði.

Græn skref

FVA er þátttakandi í verkefninu Græn skref, en það er ætlað ríkisstofnunum sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst FVA tækifæri til að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti undir handleiðslu sérfræðinga Umhverfisstofnunar. Verkefnið er fjármagnað af Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og er þátttaka því FVA að kostnaðarlausu.

Verið

Í Verinu hefur verið veitt jafningjafræðsla í stærðfræði og námsaðstoð í stærðfræði, íslensku, ritgerðasmíð og fleiri greinum. Í upphafi annar var Verið á sínum stað í B203 en þjónustan var svo færð á Teams og veitt rafrænt.

Opinn netfundur

Stjórnendur FVA stóðu fyrir opnum netfundi um stöðu náms og kennslu þann 19. nóvember. Þar gafst nemendum, forráðamönnum og öðrum velunnurum skólans kostur á að spyrja stjórnendur spjörnum úr. Um 70 manns sóttu fundinn og sköpuðust líflegar umræður. Meðal annars kom fram að foreldrar nemenda eru áhyggjufullir en sýna ástandinu fullan skilning. Stefnt er að því að halda álíka fund á næstu önn þar sem viðbúið er að veiran verði enn á sveimi og ekki hægt að bjóða stórum hópi gesta til fundar í húsnæði skólans.

Vottað jafnlaunakerfi

Þann 9. desember fór fram viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfinu okkar sem var vottað sl. vor af iCert, vottunarstofu. Niðurstaðan var ánægjuleg en umsögn úttektarstjóra vottunarstofunnar var að jafnlaunakerfið okkar uppfylli gerðar kröfur til slíkra kerfa og að árangur okkar sé jákvæður m.t.t. jafnlaunamarkmiða skólans.

Úr kófinu

Þessi önn hefur verið undarleg og krefjandi. Í það minnsta átta sinnum hafa verið gerðar breytingar á reglugerð um sóttvarnir og við orðin sjóuð í því að bregðast við og aðlagast. Því fylgir álag að ganga í gegnum breytingar og lifa í óvissu og það er strembið að laga sig að breyttum aðstæðum eins og nemendur og kennarar FVA hafa þurft að gera reglulega yfir önnina. Skjátíminn er orðinn langur og

þreyta komin í mannskapinn. Allir hafa þó reynt að gera sitt besta í óvenjulegum aðstæðum og við erum reynslunni ríkari. Við sjáum líka fram á bjartari tíma eftir áramót þegar bólusetning við covid-19 hefst og þótt næsta önn muni að öllum líkindum hefjast með fjarnámssniði berum við von til þess að geta boðið öllum nemendum upp á staðnám að nýju áður en langt um líður.